

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál

Skýrsla til 54. fjórðungsþings í september 2009

Fulltrúar í samgöngunefnd:

Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ, formaður
Eyrún I. Sigbórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi
Jóhann Hannibalsson, Bolungarvík
Valdimar Guðmundsson, Strandabyggð
Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólahreppi
Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppi

Varafulltrúar:

Birna Lárusdóttir, Ísafjarðarbæ
Sigurður Viggósson, Vesturbyggð
Óskar Steingrímsson, Reykhólahreppi
Jón Stefánsson, Strandabyggð

Samgöngunefnd hefur tvisvar komið saman til fundar á árinu. Í fyrra sinn þann 13. janúar 2009. Fundurinn var símafundur og á honum var Magnús Magnús V. Jóhannsson svæðisstjóri Vegagerðarinnar í Borgarnesi í sambandi við fundarmenn. Annar fundur var haldinn 5. júní með samgönguráðherra, Kristjáni L. Möller og fulltrúum úr stjórn Fjórðungssambandsins. Á fundinum með ráðherra og ráðuneytismönnum var farið yfir stöðu vegaf framkvæmda á árinu og áætlanir næstu ára er varðar vegi, flug og siglingar og fjarskiptamál.

Þá var haldinn fundur á Ísafirði þann 3. júní á vegum Samgönguráðs og Fjórðungssamband Vestfirðinga með sveitarstjórnarmönnum og öðrum fulltrúum almennings og atvinnulífs um framtíðarsýn í samgöngumálum. Afrakstur þess fundar er meðal þess sem lagt er fram í stefnumótun Samgönguráðs við gerð langtímaáætlunar í samgöngumálum sem áætlað er að leggja fram á Alþingi í haust.

Á fundi Samgöngunefndar 13. janúar var farið yfir stöðu vegaf framkvæmda á Vestfirðum á yfirstandandi ári, rætt um nýja vegaskrá og um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar. Í framhaldi af umræðum á fundinum voru samþykktar tvær ályktanir sem lagðar voru fyrir stjórn sambandsins, um stöðu framkvæmda í vegamálum og um snjómokstur. Fundargerðina er að finna á heimasíðu Fjórðungssambandsins.

Sigurður Pétursson,
formaður Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Tillaga samgöngunefndar til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um vegaf framkvæmdir á Vestfjörðum, samþykkt á fundi 13. janúar 2009.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga vekur athygli á stöðu framkvæmda í vegamálum á Vestfjörðum.

Vestfirðingar hafa um áratugaskeið beðið eftir að lokið væri uppbyggingu nútíma vegasamgangna innan fjórðungsins og tengingu við aðra landshluta. Í gildandi vegaáætlun 2007-2010 og í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnar vegna þorskaflasamdráttar, mátti loks sjá fyrir endann á helstu verkefnum. Vegna stöðu efnahagsmála þurfa stjórnvöld að skera niður í öllum málaflokkum og ljóst að nýframkvæmdir í vegagerð munu dragast saman. Því verður að leggja höfuðáherslu á það við ákvarðanir um vegaf framkvæmdir næstu tvö árin að byggja upp þá hluta vegakerfisins sem setið hafa á hakanum um mörg undanfarin ár og standa langt að baki vegum í öðrum landshlutum.

Vestfjarðavegur 60 um Barðastrandarsýslur, frá Flókalundi að Bjarkalundi, er eina veltenging íbúa í Barðastrandarsýslu við aðalþjóðveg landsins. Þrátt fyrir niðurskurð vegafjár er það skýlaus krafa Vestfirðinga að strax á þessu ári hefjist framkvæmdir við endurgerð Vestfjarðavegar og að staðið verði við áður samþykktar áætlanir án frekari tafa. Um leið vill Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga beina því til yfirvalda samgöngumála, að fjármunir sem eru á Samgönguáætlun 2007 - 2010 og í aukafjárveitingum vegna mótvægisáðgerða til Vestfjarðavegar, falli ekki niður eða verði fluttur í önnur verkefni. En fjármagn hefur legið óráðstafað, þar sem framkvæmd þeirra hefur margoft verið frestað vegna dómsmáls og tafa við hönnunar- og útboðsvinnu.

Jafnframt leggur Samgöngunefnd áherslu á að hönnun og undirbúningur að jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, verði fram haldið af fullum þunga. Ennfremur vill samgöngunefnd FV benda á samgönguleysi íbúa Árneshrepps við aðra hluta Strandarsýslu og þar með þjóvegakerfi landsins. Hér leggur nefndin mikla áherslu á að uppbygging vegar sem tengir Árneshrepp við næstu sveitarfélög verði lokið sem fyrst.

Greinargerð.

Eftir samþykkt fjárlaga fyrir árið 2009 og ákvörðun um endurskoðun vegaáætlunar ársins 2009, er ljóst að fresta verður hluta þeirra framkvæmda sem áður voru áætlaðar. Vestfirðingar hafa lengi beðið þess að heilsársvegur yrði lagður um fjórðunginn, sem tengdi saman byggðir og gæfi íbúum héraðsins kleift að tengjast öðrum landshlutum.

Margoft hafa áætlanir um úrbætur í samgöngumálum Vestfjarða lent í niðurskurði og verið frestað af ýmsum ástæðum. Síðast fyrir tveim árum var framkvæmdum á Vestfjörðum frestað vegna þenslu í þjóðfélaginu, jafnvel þó svo að þeirrar þenslu hafi hvergi orðið vart í atvinnuvegum Vestfirðinga. Nú er boðað að áður áætlaðar framkvæmdir verði skornar niður vegna samdráttar í samfélaginu. Mjög er farið að reyna á biðlund Vestfirðinga eftir nútímalegum samgöngum á landi og því brýnt að samgönguyfirvöld hafi þessar staðreyndir í huga þegar vegaf framkvæmdir verða ákveðnar á þessu og næsta ári.

Vegtenging við aðra landshluta :

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfjarða leggur áherslu á að auk þeirra verkefna sem þegar er byrjað á og treysta verður að allt kapp verði lagt á að ljúka, verði forgangsröðun verkefna með þeim hætti að fremsta áhersla verði lögð á vegagerð á Vestfjarðavegi 60, frá Þorskafirði til Vatnsfjarðar. Öll leiðin verði tekin inn í áætlun næstu tveggja til þriggja ára og þegar á þessu ári verði hafist handa við þá áfanga sem tilbúnir eru til útboðs. Áfangar á þessari leið eru:

- Þverun Gufufjarðar og Djúpaþfjarðar frá Skálanesi í Þorskafjörð
- Endurnýjun vegar úr Vatnsfirði í Kjálkafjörð
- Endurnýjun vegar úr Kjálkafirði í Skálmarfjörð
- Þverun Þorskafjarðar

Á Samgönguáætlun 2007 - 2010 er gert ráð fyrir kr. 1.560 milljónum ásamt framlögum vegna söluandvirðis Símans kr. 700 milljónum í Vestfjarðaveg 60. Þá var á árinu 2008 úthlutað aukafjárveitingu eða 430 mkr, vegna nýframkvæmda á árinu 2008 og 300 mkr á árinu 2009, var hér um að ræða hluta af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar. Fjármagn á árinu 2008 var annarsvegar ætlað í framkvæmdir í Þorskafirði og hins vegar endurbyggingar vegar frá Vatnsfirði í Kjálkafjörð. En vegna málavafsturs og því að áfangar hafa ekki verið tilbúnir til útboðs hefur orðið töf á framkvæmdum.

Leiðir innan fjórðungsins :

Samgöngunefnd leggur áherslu á að vinna við hönnun og undirbúning jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar haldi áfram, þannig að útboð þeirrar framkvæmdar geti farið fram strax og færi gefst eða í síðasta lagi þegar sést fyrir endann á núverandi framkvæmdum við jarðgöng til Bolungarvíkur.

Ennfremur vill Samgöngunefnd minna á að við núverandi aðstæður er hagkvæmt að bjóða út minni framkvæmdir, sem eru á verkefnaskrá Vegagerðarinnar í Strandasýslu og víðar á Vestfjörðum og nýta mannafl og tæki sem tiltæk eru innanlands.

Ályktun um snjómokstur

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga óskar eftir endurskoðun á reglum um snjómokstur Hrafnseyrar- og Dynjandisheiða og vegarins norður í Árneshrepp. Horfa þarf til tíðarfars á veturnum fremur en dagsetningar að hausti og vori, því oft þarf lítið til að halda opnum þessum leiðum lengur en snjómokstursreglur segja til um.

Stjórn FV vill benda á að Vestfirðir eru á margvíslegan hátt ein stjórnsýslueining af stjórnvalda hálfu og hefur sameiginlegum málaflokkum fjórðungsins verið að fjölga. Einnig má nefna að opinberar þjónustu- og rannsóknarstofnanir þurfa að senda starfsmenn á milli svæða reglulega árið um kring auk þess sem fyrirtæki eru að reyna að bjóða þjónustu á báðum svæðum. Þeir sem leið eiga milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða þurfa í dag að aka um 1200 kílómetra, fram og til baka, til að geta sótt og sinnt þjónustu milli þessara svæða. Það er því ekki óeðlilegt að óskað sé eftir að reglubundinn snjómokstur sé tryggður eins og kostur er, sem og nauðsynlegt fjármagn. Að öðrum kosti eru stjórnvöld komin í mótsögn við eigin stefnu og framtíðarsýn fyrir svæðið. Svipað á við um Árneshrepp, en íbúar hreppsins geta ekki nýtt sér landsamgöngur stóran hluta ársins.